

Alþingi
Erindi nr. P 140/1784
komudagur 17.4.2012

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. apríl 2012
UST20120300244

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

Vísað er í tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 27. mars sl., þar sem umhverfis- og samgöngunefnd óskar eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, aukin matsskylða o.fl.), 598. mál.

Frumvarpið kom til umsagnar Umhverfisstofnunar á meðan það var til meðferðar í umhverfisráðuneytinu og gerði stofnunin nokkrar athugasemdir á því stigi. Síðan fyrri umsögn var send hefur nánari umræða um lagafrumvarpið farið fram innan stofnunarinnar. Í meðfylgjandi umsögn koma því fram nokkrar athugasemdir sem ekki hafa komið fram áður. Í fyrri athugasemdum stofnunarinnar sem sendar voru umhverfisráðuneytinu (og eru meðfylgjandi) komu fram hugmyndir um að bætt yrði inn fleiri viðmiðunum um verndarsvæði við ákvörðun um matsskylðu.

Frumvarpið felur einkum í sér breytingar varðandi flokka tilkynningaskyldra framkvæmda og telur stofnunin að auka þyrfti vægi viðmiða um sérstöðu og verndargildi þess svæðis sem fyrirhugað er að raska. Almennar telur Umhverfisstofnun rétt að auka vægi núverandi 3. viðauka við ákvörðun um matsskylðu til að leitast við að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmda og bregðast við fram komnum athugasemdum ESA. Umhverfisstofnun telur rétt að þegar um er að ræða tilkynningaskyldar framkvæmdir sem falla undir 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, hvort sem þær falli í B eða C flokk, að þær verði sendar til umsagnar hjá stofnuninni áður en ákvörðun um matsskylðu er tekin þar sem fram kemur í ákvæðinu að leita skuli umsagnar stofnunarinnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjasrá. Aðkoma Umhverfisstofnunar á þessu stigi ætti því að vera til aukinnar hagræðingar fyrir framkvæmdaðila og til þess fallin að stuðla að samræmi.

Á bls. 19 í „Athugasemdum við lagafrumvarp þetta“ segir m.a. „Evrópudómstóllinn hefur sagt í dómum sínum að ekki sé heimilað að setja viðmið sem aðeins taki til hluta af viðmiðum sem fram koma í 3. viðauka núgildandi laga heldur verður að horfa til allra viðmiðanna, þ.e. stærðar og staðsetningu framkvæmdar og eiginleika áhrifa framkvæmdarinnar.“ Auk athugasemdana hér að framan vill Umhverfisstofnun benda á nokkra þá liði í 1. viðauka, sbr. 9. gr. frumvarpsins, sem stofnunin telur að lagfæra þurfi með tilliti til þessa.

Athugasemdir við einstaka liði 1. viðauka.

1. Landbúnaður, skógrækt, fiskeldi

1.02. Lið verði skipt í tvennt og hljómi svo:

1.02.a óbreytt

1.02.b Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli á landssvæði allt að 20 ha, ef á svæðinu eru náttúruferibærir er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, B flokkur.

1.06 Hljómi svo: Nýræktun skóga á 50 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjasrá. Eyðing náttúrulegra birkiskóga. A flokkur.

Rök: Til eru dæmi um að á einkajörðum séu svæði er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og eru flokkuð sem landbúnaðarland. Í slíkum tilvikum er skógaræktarsvæði á slíku landi ekki skilgreint sem breyting á landnotkun. Sjá skilgreiningu á landbúnaðarlandi skv. gr. 4.14.2. landbúnaðarsvæði í skipulagsáætlunum í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Athugasemd: Að mati Umhverfisstofnunar er ósamræmi þegar kemur að stærðarviðmiðum í lagafrumvarpinu. T.d. er 200 ha nýræktun skóga sett í B flokk, en efnistaka sem raskar 5 hekturum eða stærra svæði er sett í A flokk. Umhverfisstofnun bendir á að mikið rask getur fylgt nýræktun skóga meðal annars vegna slóðagerðar og girðinga. Því þykir rétt að minnka svæði til skógræktar sem er tilkynningaskyld niður í 50 ha. Ennfremur má benda á að í ársskýrslu Suðurlandsskóga 2011 kemur fram að gerðir hafa verið 113 samningar um skógrækt á flatarmáli alls um 9.500 ha. Meðalstærð þessara samninga eru um 80 ha. Engin þessara framkvæmda hefur farið í mat á umhverfisáhrifum hvorki ein né með fleirum skógræktarsvæðum og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að athuga hvort kann að umhverfisáhrif skógræktar með tilliti til sammögnunaráhrifa skógræktaráætlana á Suðurlandi.

1.07. Hljómi svo: Nýræktun skóga á allt að 50 ha svæði.

3. Orkuviðnaður

3.02. Hljómi svo: Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 10 MW uppsett varmafl eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.

Rök: Óbreyttur liður tekur ekki tillit til staðsetningar, umfangs og eðlis þessara mannvirkja. Vatnsaflsvirkjun er framkvæmd sem er að mestu lokið í tíma og rúmi þegar virkjunin er gangsett, en jarðvarmaorkuver er ferli sem stendur yfir allan líftíma orkuversins, þar sem fara saman borun nýrra hola til öflunar á nýrri orku og einnig til niðurdælingar. Enn fremur er ekki tekið tillit til loftmengandi áhrifa sem varmavirkjanir hafa í för með sér s.s. útblásturs brennisteinsvetnis.

10. Grunnvirki

10.08. Í þessum lið á að mati Umhverfisstofnunar að líta fremur til sérstöðu svæðisins og verndargildis en stærðarviðmiða.

11. Aðrar framkvæmdir

11.10. Umhverfisstofnun telur ósamræmi m.t.t. umhverfisáhrifa milli þessa liðar og liðar 11.15. Endurnýting úrgangs þar sem meðhöndlað er minna en 500 tonn á ári getur falið í sér töluverð umhverfisáhrif, s.s. vegna mengunar í frárennsli, lyktarmengunar og foks. Slík starfsemi er ekki tilkynningaskyld en í samræmi við athugasemdir ESA er öll starfsemi sem tekur við brotajárni tilkynningaskyld hvort heldur að brotajárnið er hreint eða inniheldur spilliefni.

Virðingarfyllt

Kristín L. Árnadóttir